

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi, nr. 1101/2005.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

a)	Sorphreinsigjald á íbúðarhús á ári	kr. 16.720
	Sorpeyðingargjald á íbúðarhús á ári	kr. 9.555
	Tunnuleiga, á tunnu á ári	kr. 450
	Flutningur á tunnu (fyrsta tunna án gjalds) hver ferð	kr. 1.705
	Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á viðbótar-pokaeyningar/tunnu, á ári	kr. 15.435
b)	Atvinnuhúsnaði, fyrir hvern poka, á ári	kr. 33.050
c)	Öll fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skulu greiða sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald.	

3. gr.

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttöku-stað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn og/eða til Sorpstöðvar Suðurlands skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Flokkur A (Efni með úrvinnslugjaldi og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér) 0 kr. eða gjaldfrjálst.

-	Rúlluplast	0 kr./m ³
-	Hjólbarðar	0 kr./m ³
-	Spilliefni	0 kr./m ³
-	Fernur	0 kr./m ³
-	Skilagjaldsskyldar umbúðir	0 kr./m ³
-	Föt	0 kr./m ³
-	Bílar	Skilagjald samkvæmt reglugerð

Flokkur B (Endurvinnanlegt efni) 11,00 kr./kg eða 2.520 kr./m³

-	Málmar	2.520 kr./m ³
-	Pappír	2.520 kr./m ³
-	Timbur	2.520 kr./m ³
-	Garðaúrgangur	2.520 kr./m ³
-	Veiðarfæri	2.520 kr./m ³
-	Kaðlar	2.520 kr./m ³

Flokkur C (Blandaður óendurvinnanlegur) 19,80 kr./kg eða 4.880 kr./m³

-	Heimilisúrgangur	4.880 kr./m ³
-	Rekstrarúrgangur	4.880 kr./m ³
-	Byggingarúrgangur	4.880 kr./m ³

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er sett með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 2. janúar 2011.

Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2011